



Samandregnar upplýsingar um markaðssett útboð

Sala á hlutum ríkisins í Íslandsbanka

Mái 2025

Fyrirvari

EKKI TIL BIRTINGAR, ÚTGÁFU EÐA DREIFINGAR, HVORKI BEINT NÉ ÓBEINT, AÐ HLUTA EÐA HEILD, Í EÐA INNAN BANDARÍKJANNA, KANADA, ÁSTRALÍU, SVISS, JAPANS EÐA SUÐUR-AFRÍKU OG ANNARRA LÖGSSAGNARSVÆÐA ÞAR SEM HIÐ SAMA TELDIST BROT Á LÖGUM VIÐKOMÁ ANDI LÖGSÖGU.

Þessi kynning hefur verið unnin af Íslandsbanka hf. (hér eftir „Bankinn“) og ber Bankinn alla ábyrgð á henni. Í samhengi við þennan fyrirvara felur hugtakið „Kynning“ í sér og nær yfir þetta skjal, þar með talið prentaðar eða rafrænar útgáfur, upplýsingar sem veittar eru í tengslum við kynninguna, munnlegar kynningar af hálfu Bankans eða Umsjónaraðila (skilgreindir hér að neðan) sem fylgja henni, auk hvers kyns upplýsingafunda í framhaldi af slíkri kynningu. Kynning þessi felur aðeins í sér samandregnar upplýsingar úr fjárfestingakynningu (e. Key Investment highlights) og skilmálum lýsingar (e. Terms and conditions) og skal því á engan hátt teljast nægjanlegur né fullnægjandi grundvöllur fjárfestingarákvarðana af neinu tagi. Reynist eitthvað misræmi vera á milli kynningar þessarar og fjárfestakynningarinnar eða lýsingar hlutabréfa gildir það sem fram kemur í fjárfestakynningunni eða lýsingu hlutabréfa. Þessi kynning er eingöngu veitt í upplýsingaskyni, miðast við dagsetningu hennar og getur verið háð leiðréttingum, uppfærslum og breytingum að öllu leyti. Ekki skal reiða sig á hana í neinum tilgangi. Kynningin inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem kunna að vera nauðsynlegar til að meta Bankann eða fjárhagslega stöðu hans. Kynningin felur ekki í sér, og skal ekki túlkuð sem, tilboð, boð eða ráðlegging um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir neinum verðbréfum í neinni lögsögu, né hvers kyns tilboð eða hvatningu til slíkrar aðgerðar. Hvorki Bankinn né nokkur annar aðili leggur til ráðleggingar um viðskipti með hlutabréf Bankans eða önnur verðbréf eða fjárfestingar. Verð og virði verðbréfa geta bæði hækkað og lækkað. Fyrri afkoma gefur enga tryggingu um framtíðarafkomu. Innihald kynningarinnar skal ekki túlkað sem lögfræðiráðgjöf, viðskiptaráðgjöf, fjárhagsráðgjöf eða skattaráðgjöf. Hver lesandi skal leita sér ráðgjafa hjá eigin lögfræðingi, viðskipta-, fjárhags- eða skattaráðgjafa eftir því sem við á. Engin yfirlýsing, trygging eða skuldbinding, hvorki bein né óbein, er gefin af hálfu Bankans eða Fjármála og Efnahagsráðuneytisins, né heldur af hálfu Barclays Bank Ireland PLC, Citigroup Global Markets Europe AG, Kviku banka hf., („umsjónaraðilar“), ABN AMRO Bank N.V. (í samstarfi við ODDO BHF SCA), Arctic Securities AS, Arctica Finance hf., Arion banki hf., J.P. Morgan SE, Landsbankinn hf., og UBS Europe SE (saman með umsjónaraðilum nefndir „söluráðgjafarnir“) né af neinum tengdum aðilum þeirra, stjórnarmönnum, starfsmönnum, umboðsmönnum eða ráðgjöfum (saman „Tengdir aðilar“) um að upplýsingar eða álit í kynningunni séu fullkomin, rétt eða sanngjörn, þar sem um samantekt er að ræða og vísast til fjárfestakynningarinnar og lýsingarinnar. Engin ábyrgð er tekin, né verður tekin, af Bankanum, Umsjónaraðilum eða Tengdum aðilum vegna tjóns sem stafar, beint eða óbeint, af notkun slíkra upplýsinga eða álita eða afleiðingum þar af.

Kynningin inniheldur gögn um markaði, efnahag og atvinnugreinar sem fengin eru úr innri könnunum, markaðsrannsóknunum, skýrslum ráðgjafa, opinberum gögnum og útgefnum greinum og skýrslum stjórnvalda og atvinnugreina. Því geta hvorki Bankinn né Umsjónaraðilar og Tengdir aðilar hvorki sannreynt réttmæti slíkra gagna né tekið nokkurs konar ábyrgð á réttmæti þeirra. Ákveðnar upplýsingar í þessari kynningu og munnlegum kynningum geta falið í sér framtíðarhorfur sem tengjast Bankanum og áætlaðri fjárhagsstöðu hans, viðskiptastefnu, viðburðum og fyrirhuguðum aðgerðum. Orðalag á borð við „gera ráð fyrir“, „markmið“, „mun“, „gæti“, „ætti“, „getur“, „ætla“, „búist við“, „trúa“, „meta“, „spá“, „mögulegt“, „áætlun“, „er hannað til“ eða önnur svipuð orð eða orðasambönd gefa til kynna framtíðarhorfur. Slíkar framtíðarhorfur og fjárhagsleg markmið byggja á áliti og áætlunum stjórnenda á þeim tíma sem þær eru gefnar og eru háðar ýmsum áhættuþáttum og óvissu sem gætu leitt til þess að raunverulegar niðurstöður verði verulega frábrugðnar þeim sem lýst er í framtíðarhorfum eða fjárhagslegum markmiðum. Þrátt fyrir að Bankinn telji væntingar sínar skynsamlegar, er ekki unnt að tryggja að þær rætist. Sjálfstæðir endurskoðendur Bankans hafa hvorki farið yfir né lagt mat á slík fjárhagsleg markmið og hafa ekki veitt neina yfirlýsingu um þau. Fjárhagsleg markmið eru framtíðarhorfur og fela ekki í sér neina tryggingu um árangur í framtíðinni. Bankinn getur ekki ábyrgst framtíðarniðurstöður, umfang starfsemi, afkomu eða árangur, og engin ábyrgð tekin á að raunverulegar niðurstöður verði að öllu leyti eða að hluta þær sömu og fram koma í framtíðarspám, fjárhagsáætlunum eða fjárhagslegum markmiðum. Bankinn, umsjónaraðilar eða tengdir aðilar ábyrgist á engan hátt að þeir atburðir sem lýst er í framtíðarhorfum muni eiga sér stað, að hluta eða öllu leyti. Engin uppfærsla mun eiga sér stað, nema þar sem viðeigandi lög gera aðilum skylt að uppfæra slíka yfirlýsingar. Yfirlýsingar um áform eða skoðanir stjórnar Bankans endurspegla einungis afstöðu og áætlanir hennar á dagsetningu kynningarinnar og geta breyst. Ekkert í kynningunni skal túlkað sem spá um hagnað eða afkomu fyrir tiltekinn tímabil. Þeir sem fá kynninguna í hendur skulu sjálfir framkvæma nauðsynlega athugun, mat og greiningu á þeim gögnum og aðstæðum sem lýst er í kynningunni.



Markaðssett útboð á hlutum ríkisins í Íslandsbanka¹

Útboðið er opið bæði almennum fjárfestum og fagfjárfestum

Pátttaka

Tilboðsbók A

Aðeins opin einstaklingum með íslenska kennitölu

Tilboðsverð

Fast verð, 106,56 kr. á hlut

Stærð áskrifta

Lágmarkstilboð 100 þús.kr. og hámarkstilboð 20. m.kr.

Reglur varðandi úthlutun

Áskriftir í tilboðsbók A munu njóta forgangs umfram aðrar tilboðsbækur við úthlutun

Áskriftir í tilboðsbók A verða ekki skertar nema tilboðsbók A fylli heildarmagn útboðsins

Áskriftarvefur

Áskriftum skal skilað inn gegnum áskriftarvefinn sem aðgengilegur er á www.kvika.is/islandsbanki

Tilboðsbók B

Opin öllum fjárfestum

Tilboð skulu gerð á eða yfir lágmarksverði, 106,56 kr. á hlut. Söluverð skal vera lægsta tilboðsverð sem nær lágmarksstærð útboðsins en lágmarksverð skal þó ekki vera lægra en fasta verðið í tilboðsbók A

Lágmarkstilboð 2 m.kr.

Reynist nauðsynlegt að skerða áskriftir til að mæta eftirspurn skal það gert á grundvelli tilboðsverðs eingöngu. Reynist nauðsynlegt að skerða lægstu samþykktu tilboð skal það gert hlutfallslega. Úthlutun til fjárfesta í tilboðsbók B mun fara fram án þess að sæta skerðingu vegna eftirspurnar fjárfesta í tilboðsbók C

Áskriftum skilað inn gegnum söluaðila eða áskriftarvefinn sem aðgengilegur er á www.kvika.is/islandsbanki

Tilboðsbók C

Aðeins opin eftirlitsskyldum fagfjárfestum sem gera tilboð fyrir eigin reikning og uppfylla það skilyrði að samanlögð fjárhæð eigna þeirra sé jafnvirði 70 ma.kr. eða hærri

Söluverð skal vera hið sama og í tilboðsbók B og tilboðsgjöfum í tilboðsbók C skal gefinn kostur á að hækka tilboðsverð sín til jafns við verðið í tilboðsbók B hafi tilboð þeirra verið lægri

Lágmarkstilboð 300 m.kr.

Úthlutun í tilboðsbók C skal byggja á fyrirframákveðnum og birtum viðmiðum sem hafa hagkvæmni útboðsins að leiðarljósi

Áskriftum skilað inn gegnum umsjónar- eða söluaðila



Áformað
útboðstímabil

13. maí – 15. maí 2025



Stærð útboðs

40,1 ma.kr.

Miðað við lágmarksverð og grunnmagn útboðs



Petta er Íslandsbanki

Hreyfiafl til góðra verka

Sýn og gildi

Við sköpum virði til framtíðar á sjálfbæran hátt



Bankinn

731 Heildarfjöldi stöðugilda í lok 1F2025

12 Útibú

Skráður á aðalmarkað Nasdaq Iceland frá júní 2021



Markaðshlutdeild¹

30% einstaklingar

38% lítil og meðalstór fyrirtæki

34% 300 stærstu fyrirtæki landsins

28% á innlendum sjóðamarkaði fyrir almenna fjárfesta

Stafrænar lausnir²

95% af viðskiptavinum í Einstaklingsþjónustu eru virkir í stafrænum dreifileiðum

89% af fyrirtækjareikningum sem stofnaðir voru í gegnum stafrænar lausnir voru stofnaðir sjálfvirkir

10x aukning á fjölda umsókna um endurfjármögnun húsnæðislána sem eru afgreiddar sjálfvirkir

80% af þinglýsingarbeiðnum í endurfjármögnun húsnæðislána rafrænt unnar

80% styttri afgreiðslutími bílálánaumsókna með nýrri stafrænni lausn

Hagkvæmt útibúanet



Lykilstærðir 1F25

Arðsemi (ROE)	9,4%	Lausafjárþekjuhlutfall Samstæða, allir gjaldmiðlar	202%
Kostnaðarhlutfall	47,6%	Fjármögnunarhlutfall Samstæða, allir gjaldmiðlar	128%
Eiginfjárhlfutfall almenns þáttar ¹	18,6%	Vogunarlutfall	12,1%
Eiginfjárhlfutfall	21,6%	Heildareignir	1.667 ma.kr.

Lánshæfi og staðfestingar

S&P Global Ratings

BBB+/A-2 Jákvæðar horfur

MOODY'S

A3 Stöðugar horfur



Sjálfbærni²

93% af útlánaáættu bankans sem meta á út frá UFS áhættuþáttum hafði verið metin í lok árs³

25 fundir með viðskiptavinum Fyrirtækja og fjárfesta með yfirskriftinni sjálfbærni og kolefnishlutleysi

24% vöxtur í sjálfbærum eignum og námu þær 120 mö.kr. í lok árs 2024

92% Hlutfall birgja sem höfðu formlega vottað að þeir fylgdu siðareglum birgja (úr 77% árið 2023)

Samstarfsaðilar



Samandregnar upplýsingar um markaðssett útboð

1. Markaðshlutdeild einstaklinga er fjöldi þeirra sem er með virkt innlán hjá bankanum sem hlutfall af fjölda með lögheimili á Ísland. Fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki er tekið mið af meðaltali hlutdeildar síðustu fjögurra fyrirtækjakannana Gallup, sú síðasta framkvæmd á 1F25. Hlutdeild stærri fyrirtækja byggir á könnun Gallup á 4F24 á meðal 300 stærstu fyrirtækjanna samkvæmt Frjálsri verslun. Hlutdeild sjóða byggir á upplýsingum frá Keldunni og vefsíðum sjóðastýringafélaga í lok árs 2024.
2. Árangur ársins 2024 3. Einstaklingar og smærri fyrirtæki eru utan mengis.

Stór skref hafa verið stigin síðan 2008

Markviss innleiðing á stefnu bankans hefur skilað áþreifanlegum árangri í stefnumarkandi verkefnum og markmiðasetningu

1875

Saga Íslandsbanka nær aftur til ársins 1875 þegar Sparisjóður Álfaneshrepps (sem síðar varð hluti af Íslandsbanka) var stofnaður



2008

Aftur í grunnstoðir bankastarfseminnar

- Stofnaður 14. október 2008 með hreinan efnahagsreikning og án fyrri skuldbindinga
- Frá þeim tíma hefur bankinn verið einn fárra banka í Evrópu sem aldrei hefur þurft að auka hlutafé



2013 – 2016

Í átt að sjálfbærri framtíð

- Nýtt viðskiptalíkan innleitt sem byggir á persónulegri nálgun í bankaviðskiptum með það að markmiði að styrkja tengsl, auka virði og byggja á trausti
- Einfalt, öruggt og gagnsætt viðskiptalíkan sem dregur úr flækjustigi og stuðlar að skilvirkum rekstri
- Eignarhald í gegnum Bankasýslu ríkisins

2021

Frumútboð

- Margföld umframeftirspurn miðað við endanlegt útboðsgengi og verulegur áhugi meðal bæði almennra fjárfesta og fagfjárfesta. Heildareftirspurn nam 486 mö.kr.
- Stærsta frumútboð í sögu Íslands

Gamli Íslandsbanki var stofnaður árið 1904 og var fyrsti banki landsins í einkaeigu

1904



Sameiningar

- Ytri vöxtur með markvissum yfirtökum, þar á meðal Byr sparisjóði
- Árangursrík samþætting og kostnaðarhagræðing án þess að tapa markaðshlutdeild
- Sami fjöldi útibúa og fyrir samruna



2011 – 2013

Stafræn umbreyting

- Íslandsbanki endurnýjaði með góðum árangri grunnkerfi innlána og greiðslumiðlunar (SOPRA)
- Markviss stefnubreyting í átt að opnu bankakerfi

2017 – 2019

Stefnuáherslur

- Fjórar stefnuáherslur fyrir 2023-2025: Þjónusta, Gögn, Sjálfbærni og Starfsfólk
- Aukinn áhersla á ytri vexti endurspeglast í yfirskrift stefnumótunartímabilsins: **Sókn og vöxtur**

2023 – 2025



Íslandsbanki sem fjárfestingarkostur

Tæknivæddur og þjónustudrífinn banki í hagfelldu efnahagsumhverfi

1 Undirliggjandi efnahags- horfur eru góðar

- Skuldastaða íslenskra heimila og fyrirtækja kemur vel út í norrænum samanburði auk þess sem skuldastaða hins opinbera er lág í alþjóðlegum samanburði
- Útflutningsgreinar hafa orðið fjölbreyttari á undanförnum árum og erlend staða þjóðarbúsins er sterk
- Hagfelldar efnahagsaðstæður skapa grundvöll fyrir framtíðarvöxt

2 Bankakerfið stendur styrkum fótum

- Íslenska bankakerfið er vel fjármagnað og stendur traustum fótum í samanburði við norræna- og evrópska banka
- Eiginfjárhlutföll íslensku bankanna eru há, veðsetningarhlutföll eru lág og vogun þeirra er lág í alþjóðlegum samanburði
- Sterk staða bankanna og mikil umbreyting á efnahag þeirra síðustu ár styður við áframhaldandi vöxt

3 Íslandsbanki veitir alhliða bankaþjónustu

- Íslandsbanki er alhliða banki með sterka stöðu á öllum helstu markaðssviðum
- Bankinn þjónustar einstaklinga, fyrirtæki og fjárfesta með fjölbreyttum lausnum
- Samspil hefðbundinna og stafrænna dreifileiða tryggir víðtæka þjónustu og eykur ánægju viðskiptavina

4 Bankinn stendur framarlega í stafrænum lausnum

- Innleiðing nýrra grunnkerfa og tækniinnviða seinustu ár ásamt áherslu á að byggja upp gögn og gagnainnviði hefur leitt til þess að bankinn hefur náð miklum árangri í nýjum stafrænum lausnum til hagsbóta fyrir viðskiptavinum bankans
- Árið 2024 nýttu 95% einstaklinga í viðskiptum við bankann sér stafrænar lausnir

5 Rekstur Íslandsbanka er traustur og skilvirkur

- Á undanförunum árum hafa tekjur bankans vaxið hraðar en kostnaður
- Síðastliðin þrjú ár hefur kostnaðarhlutfall verið innan markmiðs stjórnenda, sem endurspeglar skilvirkni í rekstri bankans

6 Sterkur efnahagur og rík áhættumenning

- Bankinn byggir á traustum grunni með hreina eignahlið og einfalda fjármagnsskipan
- Efnahagsreikningur bankans er að meginþætti til samsettur úr lánasafni bankans á móti innlánnum
- Varfærin áhættustefna og lág veðhlutföll hafa skilað tryggu lánasafni og lágum áhættukostnaði af útlánnum (e. cost of risk)

7 Ríflegt umfram eigið fé skapar svigrúm til vaxtar, arðgreiðslna eða endurkaupa

- Eiginfjárhlutföll eru sterk og umtalsvert yfir bæði markmiðum bankans og kröfum eftirlitsaðila
- Markviss áframhaldandi bestun á samsetningu eigin fjár er forgangsatriði í rekstri bankans
- Þá er gert er ráð fyrir að innleiðing nýrra reglugerða og staðla auki getu bankans til útgreiðslu fjármuna til hluthafa

8 Skýr stefna og öguð framkvæmd

- Bankinn hefur náð öllum sínum fjárhagslegu markmiðum síðastliðin þrjú ár



>10%

Arðsemi eigin fjár



<45%

Kostnaðarhlutfall



100-300 bps

Eiginfjárhlutfall þáttar¹ umfram kröfur eftirlitsaðila



~50%

Arðgreiðsluhlutfall




1-2

Undirliggjandi efnahagshorfur eru góðar

Öflugt hagkerfi og traust bankakerfi styðja við framtíðarvöxt


Útflutningur vöru og þjónustu

Skipting útflutningstekna eftir atvinnuvegum




Erlend staða þjóðarbúsins

% af vergri landsframleiðslu



Verðbólga og verðbólguþá


% ársbreyting



- Útflutningsgreinar hafa orðið fjölbreyttari á undanförunum árum, meðal annars vegna aukins fjölda ferðamanna hérlandis
- Hrein erlend staða þjóðarbúsins er hagfelld en hagfelld erlend staða er grunnforsenda til að hægt sé að búa við sjálfstæðan gjaldmiðil án óhóflegrar áhættu og óvissu
- Verðbólga hefur hjaðnað undanfarin misseri og gera greiningaraðilar ráð fyrir áframhaldandi lækun


Skuldastaða heimilanna

% af ráðstöfunartekjum




Skuldir hins opinbera á Íslandi og í samanburðarríkjum

% af vergri landsframleiðslu, 2024¹



Efnahagur bankanna

31.12.2024



- Skuldastaða íslenskra heimila kemur vel út í norrænum samanburði auk þess sem skuldastaða hins opinbera er lág í alþjóðlegum samanburði
- Íslensku bankarnir eru vel fjármagnaðir með há eiginfjárhlutföll, lág veðsetningarhlutföll og lága vogun, sérstaklega í samanburði við norræna og evrópska banka



3 Íslandsbanki veitir alhliða bankapjónustu

Leiðandi banki með sterka stöðu þvert á einingar og viðskiptavinahópa

% % af rekstrartekjum 2024⁷

Yfirlit

Helstu
vörur

Lykil-
stærðir⁵

33% Einstaklingar Heimili og einstaklingar 30% markaðshlutdeild Íslandsbanka¹ Veitir alhliða bankapjónusta til einstaklinga	35% Viðskiptabanki Lítill og meðalstór fyrirtæki 38% markaðshlutdeild Íslandsbanka² Veitir litlum og meðalstórum fyrirtækjum alhliða fjármálaþjónsutu auk þess sem Ergo er hluti af sviðinu	32% Fyrirtæki og fjárfestar Stærri fyrirtæki, lífeyrissjóðir, sveitarfélög, verðbréfasjóðir, fagfjárfestar og efnameiri einstaklingar 34% markaðshlutdeild Íslandsbanka á meðal 300 stærstu fyrirtækja landsins³ Veitir viðskiptavinum sínum heildstæða fjármála- og fjárfestingarbankapjónustu	Íslandssjóðir⁶ Fjölbreyttur hópur fjárfesta og sparifjáreiganda 28% markaðshlutdeild Íslandssjóða á á innlendum sjóðamarkaði fyrir almenna fjárfesta⁴ Leiðandi í rekstri sjóða fyrir almenna fjárfesta hér á landi
Fjölbreytt úrval af innlánsreikningum, greiðslukortum, húsnæðislánum og öðrum lánum ásamt séreignarsparnaði Viðskiptavinir geta afgreitt sig sjálfir í gegnum stafrænar lausnir en hafa aðgang að húsnæðis- og lánaþjónustu, lífeyrisþjónustu og neyðarþjónustu vegna korta	Fjölbreytt úrval af fjármögnunarkostum, innlánsreikningum, innheimtuþjónustu, kröfufjármögnun og greiðslumiðlun Viðskiptavinir hafa aðgang að alhliða fjármálaþjónustu auk Ergo sem sérhæfir sig í fjármögnun atvinnutækja fyrir rekstraraðila og fjármögnun bíla og ferðavagna fyrir einstaklinga	Fjölbreytt úrval af fjármögnunarkostum auk gjaldeyrismiðlunar, verðbréfamiðlunar, fyrirtækjaráðgjafar, verðbréfaráðgjafar, eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar Viðskiptavinir hafa aðgang að klæðskerasniðinni þjónustu með þarfir hvers og eins að leiðarljósi	Fjölbreytt úrval skuldabréfasjóða, hlutabréfasjóða, blandaðra sjóða og sérhæfðra sjóða ásamt fasteignasjóðum, lánasjóðum og framtakssjóðum Félagið stýrir 23 sjóðum fyrir almenna fjárfesta, 5 sérhæfðum sjóðum og sértækri eignastýringu
609 ma.kr. útlán til viðskiptavina 19,8 ma.kr. rekstrartekjur 80% hreinar vaxtatekjur 20% hreinar þóknanatekjur 2,7% vaxtamunur	324 ma.kr. útlán til viðskiptavina 20,8 ma.kr. rekstrartekjur 90% hreinar vaxtatekjur 10% hreinar þóknanatekjur 5,9% vaxtamunur	363 ma.kr. útlán til viðskiptavina 19,5 ma.kr. rekstrartekjur 70% hreinar vaxtatekjur 23% hreinar þóknanatekjur 7% annað 3,9% vaxtamunur	Allianz Ísland hf.⁶ Býður Íslendingum lífeyrissparnað og líf- og slýsatriggingar Allianz Ísland hf., dótturfélag Íslandsbanka í fullri eigu bankans, býður lausnir í samstarfi við Allianz Lebens- and Versicherungs AG



Samandregnar upplýsingar um markaðssett útboð

Heimild: Gögn frá félagi. 1. Fjöldi þeirra sem er með virkt innlán hjá bankanum sem hlutfall af fjölda með lögheimili á Ísland í lok. 2 Fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki er tekið mið af meðaltali hlutdeildar síðustu fjögurra fyrirtækjakannana Gallup, sú nýjasta framkvæmd á 1F25. 3. Könnun Gallup á 4F24 á meðal 300 stærstu fyrirtækjanna samkvæmt Frjálsri verslun. 4. Byggt á upplýsingum frá Keldunni og vefsíðum sjóðastýringafélaga í lok árs 2024. 5. Uppgjör eftir rekstrareiningum fyrir árið 2024. Vegna innri kostnaðar og leiðréttinga getur samanlagður rekstur rekstrareininga verið frábrugðinn heildarstöðum samstæðunnar. 6. Íslandssjóðir og Allianz Ísland hf. eru að fullu í eigu Íslandsbanka 7. Skipting rekstrartekna telur ekki með tekjur fjárstýringar og eigin viðskipta, stöðeininga, dótturfélaga, leiðréttinga og tilfærslna (þar á meðal Íslandssjóðir og Allianz Ísland)

4

Bankinn stendur framarlega í stafrænum lausnum

Íslandsbanki skapar virði til framtíðar með stafrænum og gagnamiðuðum lausnum

Stafrænir sigrar 2024

80% styttri afgreiðslutími bílálánaumsókna með nýrri stafrænni lausn

1400 stafræn kort (án plastics) stofnuð

80% af þinglýsingarbeiðnum í endurfjármögnun húsnæðislána rafrænt unnar

89% af fyrirtækjareikningum sem stofnaðir voru í gegnum stafrænar lausnir voru stofnaðir sjálfvirkir

10x aukning á fjölda umsókna um endurfjármögnun húsnæðislána sem eru afgreiddar sjálfvirkir

95% af viðskiptavinum í einstaklingsþjónustu eru virkir í stafrænum dreifileiðum

Jákvæð þróun

Bætt fjárhagsleg höfðar til viðskiptavina bankans


3x

aukning á stofnun sparnaðarvara í gegnum stafrænar lausnir með stuðningi persónulegrar þjónustu

8x


aukning á sölu kreditkorta með notkun gagna í sjálfvirkum stafrænum ferlum

Nýr netbanki og app, sem styðjast við nýjustu tækni, voru nýlega tekin í notkun



Áframhaldandi fjárfesting í tæknilausnum

Hlutfall fjárfestinga og kostnaðar í upplýsingatækni af tekjum frá kjarnastarfsemi¹



Bankinn vill vera í fararbroddi í þeirri þróun að **auka stafræna bankþjónustu** og **bæta stafrænt þjónustuframboð** til að auðvelda ferla og léttu viðskiptavinum sporin

- Árið 2018 innleiddi bankinn ný stöðluð grunnkerfi innlána og greiðslumiðlunar í gegnum SOPRA
- COVID-19 heimsfaraldurinn flýtti þróun stafrænna lausna
- Árið 2021 innleiddi bankinn uppfærslu á tæknihverfi sínu og endurnýjaði lánakerfið sem leysti af hólmi fleiri eldri kerfi
- Á árinu 2023 var lögð áhersla á að styrkja stöðu bankans á sviði gagna, með það að markmiði að vera í fararbroddi þegar kemur að gagnamálum og nýsköpun með gervigreind
- Í kjölfarið hleypti Íslandsbanki af stokkunum nýjum gagnadrifnum söluvettvangi sem nýtir gögn um hegðun viðskiptavina til að bæta þjónustu
- Þróun gagnaumhverfis og gagnadrifin ákvarðanatáka verða áfram lykiláherslur í starfsemi Íslandsbanka




5


Rekstur Íslandsbanka er traustur og skilvirkur

Tekjur að mestu leyti vaxta- og þóknanatekjur. Sjálfvirknivæðing hefur stutt við kostnaðaraðhald

Þróun tekjusatsetningar




Rekstrartekjur og rekstrargjöld¹




- Tekjusatsetning bankans er stöðug, þar sem meginþorri tekna eru vaxta- og þóknanatekjur
- Gert er ráð fyrir að frekari lækkun verðbólgu og stýrivaxta leiði til aukinna umsvifa á fjármálamörkuðum og í lánveitingum
- Undanfarin ár hafa tekjur vaxið hraðar en kostnaður, en bankinn hefur aukið rekstrarhagkvæmni með markvissri kostnaðarstýringu og vexti í rekstrartekjum

Útlán til viðskiptavina á hvern starfsmann



Kostnaðarhlutfall¹



- Kostnaðarhlutfall bankans¹ hefur verið innan markmiðs stjórnenda undanfarin þrjú ár
- Þrátt fyrir fjölgun starfsmanna hefur afkastageta aukist með hærri útlánunum á hvern starfsmann, í takt við aukna áherslu á sjálfvirkni og stafrænar lausnir




6

Sterkur efnahagur og rík áhættumening

Áhættudreifing efnahagsreiknings endurspeglast í lágum áhættukostnaði undanfarin ár


Samandregin samsetning efnahagsreiknings

1F25, 1.667 ma.kr.



Lán til viðskiptavina


Eftir atvinnugreinum



- Efnahagsreikningur bankans er einfaldur og að meginþætti til samsettur úr lánasafni bankans á móti innlánum
- Lánasafn bankans er vel áhættudreift í takt við ábyrga áhættustefnu
- Um 93% lánasafns bankans er tryggt með veðum, sem samsvarar um 1.204 mö.kr.
- Lögð er áhersla á trygg veð og lág veðhlutföll, sem leitt hefur af sér að áhættukostnaður (e. cost of risk) útlána hefur verið lágur undanfarin ár
- Gera má ráð fyrir að áhættukostnaður útlána sé að jafnaði 25 bps í gegnum hagsveifluna


Veðhlutföll eftir undirliggjandi eignaflokkum

1F25, flokkun lána eftir tegund veðs, ma.kr.



Virðisbreyting fjáreigna og áhættukostnaður útlána

M.kr.



7

Rífllegt umfram eigið fé skapar svigrúm til vaxtar, arðgreiðslna eða endurkaupa

Stöðug afkoma grundvallar sterka arðgreiðslu- og endurkaupagetu Íslandsbanka

Arðgreiðslur og endurkaup eigin bréfa


Ma.kr

Markmið um arðgreiðsluhlutfall¹

Markmiði náð²



Löng saga arðgreiðslna og endurkaupa



- Íslandsbanki hefur sýnt stöðugleika í arðgreiðslum og fylgt skýrri stefnu gagnvart hluthöfum
- Frá árinu 2016 hefur Íslandsbanki greitt meira en 117 ma.kr. til hluthafa í formi arðs og endurkaupa³, sem jafngildir um 74% af markaðsvirði bankans við frumútboð⁴
- Bankinn hefur aukið áherslu á endurkaup eigin bréfa eftir að hann varð skráður á markað. Á árinu 2024 námu kaup bankans á eigin bréfum 4,3% af útgefnu hlutafé
- Bankinn hefur tilkynnt að til standi að besta samsetningu efnahagsreiknings bankans, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Bestunin gæti falist í innri eða ytri vexti, sérstökum arðgreiðslum eða auknum endurkaupum




Heimild: Gögn frá félagi. 1. Aðeins hefðbundnar arðgreiðslur 2. Byggt á arðgreiðslum sem hlutfall af hagnaði fyrra árs 3. Skilgreint sem samanlögð upphæð hefðbundinna arðgreiðslna, sérstakra arðgreiðslna og endurkaupa á eigin bréfum á tímabilinu 2016-2024. 4. Virði við skráningu byggt á lokaverði útboðs, 79 kr. á hlut, sem jafngildir 158 mð.kr. að markaðsvirði

7


Rífllegt umfram eigið fé skapar svigrúm til vaxtar, arðgreiðslna eða endurkaupa

Stöðug afkoma grundvallar sterka arðgreiðslu- og endurkaupagetu Íslandsbanka


Núverandi kröfur um eigið fé og markmið um eiginfjárhlutfall
1F25, eftir samsetningu eigin fjár



Eiginfjár- og vogunarhlutföll
% af áhættugrunni (% af heildareignum fyrir vogunarhlutfall)



Áhættugrunnur og hlutfall áhættugrunns af heildareignum
Ma.kr.



- Markviss áframhaldandi bestun á samsetningu eigin fjár er forgangsmatariði í rekstri bankans
- Umfram eigið fé bankans nemur 37 mö.kr. í lok 1F 2025 miðað við hagstæðustu samsetningu eigin fjár, áhrif af fyrirhugaðri innleiðingu CRR3 reglugerðarinnar og að meðtöldu því eigin fé sem ráðstafað hefur verið til endurkaupa sem ekki hafa verið framkvæmd
- Gert er ráð fyrir að umfram eigið fé verði nýtt til arðbærs innri eða ytri vaxtar vaxtar, og/eða útgreiðslna til hluthafa í formi endurkaupa eða eftir atvikum arðs



Heimild: kröfur um eiginfjárhlutfall samkvæmt gögnum frá European Banking Authority, eiginfjárhlutfall Íslandsbanka og aðrar innri tölur samkvæmt nýjustu opinberu gögnum.
1. Markmið fyrir eiginfjárhlutfall þáttar1 er sett við miðgildi stjórnendaauka 2. Stjórnendaauka, 1-3%, er ætlað að mæta væntum og óvæntum sveiflum í áhættugrunni og afkomu

8

Skýr stefna og öguð framkvæmd

Íslandsbanki hefur náð öllum helstu fjárhagslegu markmiðum síðastliðin 3 ár

Árangur Íslandsbanka samanborið við fjárhagsleg markmið

	2021	2022	2023	2024
Kostnaðarhlutfall <45%	46%	41%	41%	44%
Arðsemi eigin fjár >10%	12%	12%	11%	11%
Eiginfjárlutfall þáttar ¹ umfram kröfur eftirlitsaðila 100-300bps ¹	620 bps	350 bps	570 bps	470 bps
Arðgreiðsluhlutfall ² ~50%	50%	50%	50%	50%

Innleiðing fyrri stefnu
hefur skilað árangri

Vöxtur lánasafns

Fjölbreyttar tekjulindir

Aukin rekstrar-
hagkvæmni

Bestun eiginfjár-
samsetningar

Arðsemi hluthafa



Helstu upplýsingar um tilboðsbók A og áætlaðar tímasetningar

Tilboðsverð	Fast verð 106,56 kr. á hlut
Stærð áskrifta	Lágmarkstilboð 100.000 kr.
Reglur varðandi úthlutun	Áskriftir í tilboðsbók A verða ekki skertar nema tilboðsbók A fylli heildarmagn útboðsins. Reynist nauðsynlegt að skerða áskriftir til að mæta eftirspurn skal það gert hlutfallslega, svo að allt hlutfé seljist. Þó skal ekki skerða áskriftir niður fyrir 2 m.kr., nema slíkt reynist nauðsynlegt til að mæta eftirspurn og skal það þá gert hlutfallslega
Áskriftartímabil	Frá kl. 08:30 þriðjudaginn 13. maí til kl. 17:00 fimmtudaginn 15. maí
Áskriftarvefur	Til að skila áskriftum getur fjárfestir skráð sig inn gegnum áskriftarvefinn www.kvika.is/islandsbanki
Annað	Nánari upplýsingar má nálgast gegnum netfangið islandsbanki-fyrirspurnir@kvika.is eða í síma 540-3290

Lykildagsetningar útboðs

MAÍ 2025

M	Þ	M	F	F	L	S
			01	02	03	04
05	06	07	08	09	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

13. maí

Áskriftartímabil hefst

15. maí

Áskriftartímabili lýkur

16. maí

Úthlutun birt og innheimtukröfur stofnaðar

20. maí

Gjalddagi og eindagi



Fyrirvari

EKKI TIL BIRTINGAR, ÚTGÁFU EÐA DREIFINGAR, HVORKI BEINT NÉ ÓBEINT, AÐ HLUTA EÐA HEILD, Í EÐA INNAN BANDARÍKJANNA, KANADA, ÁSTRALÍU, SVISS, JAPANS EÐA SUÐUR-AFRÍKU OG ANNARRA LÖGSSAGNARSVÆÐA ÞAR SEM HIÐ SAMA TELDIST BROT Á LÖGUM VIÐKOMANDI LÖGSÖGU.

Þessi kynning hefur verið unnin af Íslandsbanka hf. (hér eftir „Bankinn“) og ber Bankinn alla ábyrgð á henni. Í samhengi við þennan fyrirvara felur hugtakið „Kynning“ í sér og nær yfir þetta skjal, þar með talið prentaðar eða rafrænar útgáfur, upplýsingar sem veittar eru í tengslum við kynninguna, munnlegar kynningar af hálfu Bankans eða Umsjónaraðila (skilgreindir hér að neðan) sem fylgja henni, auk hvers kyns upplýsingafunda í framhaldi af slíkri kynningu. Kynning þessi felur aðeins í sér samandregnar upplýsingar úr fjárfestingakynningu (e. Key Investment highlights) og skilmálum lýsingar (e. Terms and conditions) og skal því á engan hátt teljast nægjanlegur né fullnægjandi grundvöllur fjárfestingarákvarðana af neinu tagi. Reynist eitthvað misræmi vera á milli kynningar þessarar og fjárfestakynningarinnar eða lýsingar hlutabréfa gildir það sem fram kemur í fjárfestakynningunni eða lýsingu hlutabréfa. Þessi kynning er eingöngu veitt í upplýsingaskyni, miðast við dagsetningu hennar og getur verið háð leiðréttingum, uppfærslum og breytingum að öllu leyti. Ekki skal reiða sig á hana í neinum tilgangi. Kynningin inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem kunna að vera nauðsynlegar til að meta Bankann eða fjárhagslega stöðu hans. Kynningin felur ekki í sér, og skal ekki túlkuð sem, tilboð, boð eða ráðlegging um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir neinum verðbréfum í neinni lögsögu, né hvers kyns tilboð eða hvatningu til slíkrar aðgerðar. Hvorki Bankinn né nokkur annar aðili leggur til ráðleggingar um viðskipti með hlutabréf Bankans eða önnur verðbréf eða fjárfestingar. Verð og virði verðbréfa geta bæði hækkað og lækkað. Fyrri afkoma gefur enga tryggingu um framtíðarafkomu. Innihald kynningarinnar skal ekki túlkað sem lögfræðiráðgjöf, viðskiptaráðgjöf, fjárhagsráðgjöf eða skattaráðgjöf. Hver lesandi skal leita sér ráðgjafa hjá eigin lögfræðingi, viðskipta-, fjárhags- eða skattaráðgjafa eftir því sem við á. Engin yfirlýsing, trygging eða skuldbinding, hvorki bein né óbein, er gefin af hálfu Bankans eða Fjármála og Efnahagsráðuneytisins, né heldur af hálfu Barclays Bank Ireland PLC, Citigroup Global Markets Europe AG, Kviku banka hf., („umsjónaraðilar“), ABN AMRO Bank N.V. (í samstarfi við ODDO BHF SCA), Arctic Securities AS, Arctica Finance hf., Arion banki hf., J.P. Morgan SE, Landsbankinn hf., og UBS Europe SE (saman með umsjónaraðilum nefndir „söluráðgjafarnir“) né af neinum tengdum aðilum þeirra, stjórnarmönnum, starfsmönnum, umboðsmönnum eða ráðgjöfum (saman „Tengdir aðilar“) um að upplýsingar eða álit í kynningunni séu fullkomin, rétt eða sanngjörn, þar sem um samantekt er að ræða og vísast til fjárfestakynningarinnar og lýsingarinnar. Engin ábyrgð er tekin, né verður tekin, af Bankanum, Umsjónaraðilum eða Tengdum aðilum vegna tjóns sem stafar, beint eða óbeint, af notkun slíkra upplýsinga eða álita eða afleiðingum þar af.

Kynningin inniheldur gögn um markaði, efnahag og atvinnugreinar sem fengin eru úr innri könnunum, markaðsrannsóknunum, skýrslum ráðgjafa, opinberum gögnum og útgefnum greinum og skýrslum stjórnvalda og atvinnugreina. Því geta hvorki Bankinn né Umsjónaraðilar og Tengdir aðilar hvorki sannreynt réttmæti slíkra gagna né tekið nokkurs konar ábyrgð á réttmæti þeirra. Ákveðnar upplýsingar í þessari kynningu og munnlegum kynningum geta falið í sér framtíðarhorfur sem tengjast Bankanum og áætlaðri fjárhagsstöðu hans, viðskiptastefnu, viðburðum og fyrirhuguðum aðgerðum. Orðalag á borð við „gera ráð fyrir“, „markmið“, „mun“, „gæti“, „ætti“, „getur“, „ætla“, „búist við“, „trúa“, „meta“, „spá“, „mögulegt“, „áætlun“, „er hannað til“ eða önnur svipuð orð eða orðasambönd gefa til kynna framtíðarhorfur. Slíkar framtíðarhorfur og fjárhagsleg markmið byggja á áliti og áætlunum stjórnenda á þeim tíma sem þær eru gefnar og eru háðar ýmsum áhættuþáttum og óvissu sem gætu leitt til þess að raunverulegar niðurstöður verði verulega frábrugðnar þeim sem lýst er í framtíðarhorfum eða fjárhagslegum markmiðum. Þrátt fyrir að Bankinn telji væntingar sínar skynsamlegar, er ekki unnt að tryggja að þær rætist. Sjálfstæðir endurskoðendur Bankans hafa hvorki farið yfir né lagt mat á slík fjárhagsleg markmið og hafa ekki veitt neina yfirlýsingu um þau. Fjárhagsleg markmið eru framtíðarhorfur og fela ekki í sér neina tryggingu um árangur í framtíðinni. Bankinn getur ekki ábyrgst framtíðarniðurstöður, umfang starfsemi, afkomu eða árangur, og engin ábyrgð tekin á að raunverulegar niðurstöður verði að öllu leyti eða að hluta þær sömu og fram koma í framtíðarspám, fjárhagsáætlunum eða fjárhagslegum markmiðum. Bankinn, umsjónaraðilar eða tengdir aðilar ábyrgist á engan hátt að þeir atburðir sem lýst er í framtíðarhorfum muni eiga sér stað, að hluta eða öllu leyti. Engin uppfærsla mun eiga sér stað, nema þar sem viðeigandi lög gera aðilum skylt að uppfæra slíka yfirlýsingar. Yfirlýsingar um áform eða skoðanir stjórnar Bankans endurspegla einungis afstöðu og áætlanir hennar á dagsetningu kynningarinnar og geta breyst. Ekkert í kynningunni skal túlkað sem spá um hagnað eða afkomu fyrir tiltekinn tímabil. Þeir sem fá kynninguna í hendur skulu sjálfir framkvæma nauðsynlega athugun, mat og greiningu á þeim gögnum og aðstæðum sem lýst er í kynningunni.



